


Æskulýðsskýrsla
Hestamannafélagsins Léttis á
Akureyri

Veturinn 2019-2020





Efnisyfirlit

Æskulýðsnefnd.....	3
Námskeið og ýmis fræðsla.....	4
Knapamerki.....	4
Almenn reiðnámskeið og fræðsla.....	4
Þorsteinn Björnsson – Reiðnámskeið	5
Anton Páll Níelsson – Fyrirlestur & reiðnámskeið	5
Ísólfur Líndal Þórisson – Einkatímar	5
Hinrik Þór Sigurðsson – Fyrirlestur	5
Mót & mótaraðir	6
Annað starf – Glens og gaman	8
Jólaball Léttis	8
Fjölskyldudagar á Melunum	9
Uppskeruhátíð æskulýðsstarfs	9
Lokaorð	10



Æskulýðsnefnd

Árið 2020 er búið að vera mjög skrítið og öðruvísi ár vegna þessa faraldurs sem enn er að hrjá heimsbyggðina. Við höfum öll þurft að nálgast og stunda okkar hestamennsku á öðrum forsendum en við erum von að gera og hefur þetta ástand í þjóðfélaginu sett mikið strik í reikninginn hvað varðar öll námskeið, mótahald og aðra hittinga. Þetta ástand hefur aftur á móti kennt manni æðruleysi og þolinmæði ásamt því að maður lærir að meta þá hluti betur sem virkilega skipta máli í lífinu. Við í æskulýðsnefnd Léttis vonum svo innilega að þetta ástand fari nú að taka enda svo hægt sé að koma öllu í réttari skorður aftur, við munum mæta sterk og einbeitt til leiks um leið og léttir til í faraldrinum.

Veturinn 2019-2020 byrjaði með kappi, allir klárir og spenntir að takast á við komandi Landsmótsár og margir byrjaðir að plana sína keppnisþjálfun og æfingar. Mótaröð Æskunnar fékk stóran og flottan styrk frá B.e húsbyggingum og var mótaröðinni því gefið heitið B.e Deildin og átti sú deild að sigra hug og hjörtu okkar Léttisbarna síðastliðinn vetur.

Venjulega hefur reiðhöll okkar Léttismanna verið þéttskipuð hinna ýmissa viðburða og gleði og átti veturinn 2019-2020 ekkert að gefa eftir í þeim málum. Margt skemmtilegt og fróðlegt var á dagskrá hjá okkur fyrir krakkana óháð aldri og getu, sem við þurftum síðan að fresta/hætta við. Virkilega sorglegt að horfa uppá allt félagsstarf detta niður og höllinni lokað. En eins og fyrr segir þá munu félagsmenn Léttis og krakkarnir okkar mæta sterkari til leiks nú í vetur (ef allt gengur að óskum).

Æskulýðsstarfið hjá Létti hefur aukist til muna síðustu ár og á enn eftir að eflast meira, enda eigum við fullt af flottum sjálfboðaliðum, nefndarmönnum og stjórnarmönnum sem leggja allt sitt í að vinna að málum æskunnar. Án þeirra væri ekkert félagsstarf í gangi og eiga þessir einstaklingar miklar þakkir skilið. Einnig erum við svo heppin að hafa til afnota þessa flottu og góðu reiðhöll ásamt félagsheimilinu okkar, Skeifunni. Það er því virkilega margt skemmtilegt, fróðlegt og lærdómsríkt sem komandi æskulýðsstarf býður uppá.

Æskulýðsnefnd Léttis 2020 þakkar kærlega fyrir sig þó svo að við hefðum viljað skilað meiru af okkur 😊

Æskulýðsnefnd Léttis 2020

Hugrún Lísu Heimisdóttir
Sigríður Kristín Sverrisdóttir
Berglind Viðarsdóttir
Svana Karlsdóttir
Örvar Freyr Áskelsson

Námskeið og ýmis fræðsla

Hestamannafélagið Léttir hefur ávallt reynt eftir bestu getu að koma til móts við krakkana okkar, sama hvar þau eru stödd í sinni hestamennsku og óháð aldri. Léttir hefur alltaf boðið uppá ýmis námskeið og fræðslu þar sem krakkarnir auka við sína kunnáttu og getu. Veturinn 2019-2020 átti að vera stútfullur af skemmtilegum og fróðlegum námskeiðum, eins og tíðkast hefur verið hjá Létti síðustu árin. Því miður varð ekki eins mikið úr því eins og til stóð, en náðum þó að halda nokkur námskeið, sýnikennslu og klára þau Knapamerki sem lagt var upp með um haustið.

Knapamerki

Síðustu ár hafa sýnt sig að mikill áhugi er fyrir því að leggja stund á Knapamerkin og var ákveðið að hefja kennslu í Knapamerkjum 1,2,4 og 5. Hún Ásdís Helga Sigursteinsdóttir, reiðkennari frá Hólum, sá alfarið um kennsluna og stóð sig með stakri þryði. Bóklegi hlutinn var allur tekinn um haustið 2019 og verklegi hlutinn tekinn eftir áramótin og stóð fram á sumarið þar sem öll kennsla féll niður í nokkrar vikur vegna Covid19, en náðist þó að klára.

Kennsla Knapamerkjanna fyrir komandi vetur hófst í haust (er í biðstöðu núna) og mun hún Ásdís Helga Sigursteinsdóttir sjá áfram alfarið um kennsluna. Kennd verða Knapamerki 1, 2 og 3 og er skipulagið áfram sett upp þannig að bókleg kennsla verður fyrir áramót og verkleg kennsla eftir áramót.



Almenn reiðnámskeið og fræðsla

Léttir hefur staðið sig vel í því að viðhalda hinum ýmsu reiðnámskeiðum og fræðslu fyrir alla félagsmenn okkar óháð aldri og reynslu. Alltaf er stefnan sett á að vera með eitthvað í boði fyrir alla og var áætlað að veturinn 2019-2020 yrði stútfullur af fróðleik þar sem þekktir og flottir knapar og reiðkennarar myndu koma og deila sinni þekkingu og reynslu. Áætlað var að halda reiðnámskeið fyrir yngstu krakkana (Pollana), fyrir byrjendur og svo fyrir lengra komna ásamt hin ýmsu námskeið sem snúa meira að þjálfun fyrir keppni.



Árið byrjaði vel og náðum við nokkrum reiðnámskeiðum og fyrirlestrum áður en allt var stoppað og skellt í lás.

Þorsteinn Björnsson – Reiðnámskeið

Þorsteinn Björnsson er menntaður reiðkennari frá Hólum ásamt því að hafa kennt lengi vel á Hólum og er hann því með viðamikla reynslu á sviði reiðkennslu. Hann kom hingað norður í tvígang þetta árið og voru námskeiðin hans fullsetin, færri komust að en vildu. Þorsteinn er með einstaklingsmiðaða einkakennslu þar sem hann fer yfir vandamál hvers pars og finnur úrlausn.

Anton Páll Níelsson – Fyrirlestur & reiðnámskeið

Anton Páll Níelsson er eins og Þorsteinn, bæði menntaður reiðkennari frá Hólum ásamt því að hafa starfað sem reiðkennari á Hólum í Hjaltadal um árabil. Hann er gríðarlega fær reiðkennari með viðamikla þekkingu og reynslu. Anton kom hingað norður í tvígang í vetur og hélt hann fyrir okkur fyrirlestur ásamt tveimur reiðnámskeiðum.

Ísólfur Líndal Þórisson – Einkatímar

Ísólfur Líndal er virkilega fær og árangursríkur knapi en hann hefur haft tamningar og þjálfun að atvinnu frá 15 ára aldri. Ísólfur er menntaður reiðkennari frá Hólum þar sem hann hlaut LH hestinn fyrir hæstu meðaleinkunn í reiðkennslu, ásamt því að hann hlaut Morgunblaðaskeifuna á Hvanneyri árið 1998. Ísólfur kom til okkar í vetur og bauð uppá einkatíma.

Hinrik Þór Sigurðsson – Fyrirlestur

Hinrik Þór eða Hinni eins og við þekkjum hann er virkilega flottur og fær knapi. Hann er þjálfari innan ÍSÍ og hefur hann sérstakan áhuga á hugarþjálfun og er duglegur að halda ýmis námskeið og fyrirlestra um efnið. Hann hefur starfað víða um heim og komið að fyrirlestrum á stórum ráðstefnum t.d í hestamennskuheiminum í Svíþjóð, unnið með fjölda fyrirtækja bæði á Íslandi og erlendis og þjálfurum íþróttaliða í mismunandi keppnisgreinum. Hinni kom norður til okkar og hélt fyrirlestur um hugarþjálfun og uppbyggingu til árangurs.


Mót & mótaraðir

Árið 2020 átti að vera einn eitt Landsmótsárið og voru margir byrjaðir að huga að keppnisþjálfun með stefnu setta á úrtöku fyrir Landsmót. Því miður, eins og við öll vitum, varð ekkert úr Landsmótinu eða Íslandsmótinu ásamt því að mörgum smærri mótum var frestað eða hætt við.

Við hjá Létti þurftum einnig að hætta við mörgum af okkar mótum og varð því lítið sem ekkert úr þessu mótahaldi hjá okkur sem sett var upp með í byrjun vetrar. Við náðum þó að halda eitt innimót í hinni nýju B.e Deildinni okkar ásamt því að ná 5 útimótum í sumar/haust þar sem yngri flokkarnir okkar gátu tekið þátt. En við höfum mikið lagt upp úr því að styrkja og efla kunnáttu og sjálfstraust krakkanna inná vellið.

Við bindum vonir við að geta nýtt okkar flottu aðstöðu til bæði inni- og útimóta betur á næsta ári, enda bíða flestir krakkarnir okkar spenntir eftir því að geta mætt og tekið á því. Það er svo einstaklega gaman og gefandi að fylgjast með þessum krökkum þroskast og eflast á keppnisbrautinni, sýna öll upp til hópa þrúða og fagmannlega reiðmennsku ásamt því að hafa alveg hreint ótrúlega stjórn á hestinum. Þau gefa fullorðnu knöpunum lítið eftir og eru ekkert smeyk við að taka þátt í skeiðgreinum, slaktaumatölti og fyrsta flokks greinum (V1,T1,F1).

Það verður spennandi að sjá hvernig þau mæta til leiks næstkomandi keppnisár.





Annað starf – Glens og gaman

Því miður varð ekkert úr hinni árlegu Hestaveislu eða Æskunni og Hestinum. Við munum hins vegar stefna að því að gera 2021 að enn betri veislu og hlökkum mikið til þess.

Undir venjulegum kringumstæðum hefði æskulýðsstarfið boðið uppá ýmsa skemmtileg og léttu viðburði eins og pizzakvöld, vídeókvöld og gistipartý í Skeifunni svo eitthvað sé nefnt en náðum því ekki síðastliðinn vetur. Stefnan er sett á margar svoleiðis skemmtanir næstkomandi vetur.

Jólaball Léttis

Starfið hjá æskulýðsnefndinni þennan veturinn byrjaði á jólaballi fyrir alla krakka. Þar mætti hinn margrómaði Hermann Arason sem söng fyrir okkur jólalög með harmonikkuundirspili á meðan allir dönsuðu í kringum jólatréð. Boðið var uppá alvöru heitt súkkulaði, kaffi, smákökur, laufabrauð og mandarínur ásamt því að í heimsókn komu tveir jólasveinar með góðgæti í poka fyrir alla krakka. Þessi skemmtun vakti mikla lukku hjá yngri kynslóðinni og var kærkomin gleðistund fyrir okkur sem eldri eru, svona á milli stórhriða sem geysaði herna fyrir norðan hjá okkur.



Fjölskyldudagar á Melunum

Sumarið 2019 voru haldnir í samstarfi við Hestamannafélagið Funa svokallaðir Fjölskyldudagar á Melunum sem vöktu mjög mikla lukku. Ákveðið var að gera þann viðburð árlegan og náðum við að halda Fjölskyldudagana (Gaman Saman á Melunum) í sumar áður en næsta bylgja af Covid mætti. Fjölskyldudagar á Melunum er virkilega skemmtilegur og flottur viðburður þar sem öll fjölskyldan getur komið og skemmt sér saman yfir helgi. Margt í boði svo sem hópreiðtúr, grill, varðeldur, brekkusöngur, létt mót, Trec sýnikennsla og prufa, kjötsúpa, kappreiðar og margt margt fleira.



Uppskeruhátíð æskulýðsstarfs

Hvert keppnisár er gert upp með uppskeruhátíð þar sem boðið er upp á flottan mat og skemmtiatriði. Á uppskeruhátíðinni er einnig rennt yfir starf vetrarins og farið yfir stöðuna ásamt því að velja knapa ársins í bæði barna- og unglingaflokki. Þessi kvöldstund hefur verið virkilega flott og skemmtileg. Samkomubannið núna í haust heldur áfram að setja strik í reikninginn og því óvíst hvenær Uppskeruhátíð 2020 verði haldin.



Lokaorð

Æskulýðsstarfið er virkilega gefandi og skemmtilegt ásamt því að vera mjög þarft starf ef vel á að huga að æskunni í hestamennsku. Við í æskulýðsnefnd Léttis 2020 erum virkilega ánægð og stolt af öllum okkar krökkum og vonum innilega að þau hafi átt gott ár þrátt fyrir þetta skrítna fyrirkomulag sem er í þjóðfélaginu, og hlökkum heilshugar til að hitta þau aftur.

Nefndin vill þakka öllum styrktaraðilum og þá sérstaklega B.e Byggingar fyrir veglegan styrk og vonum að styrksamningar náist áfram. Því starfið okkar er mikið til byggt upp af styrkjum og sjálfböðavinnu ásamt framlagi Hestamannafélagsins Léttis. Allir stjórnar- og nefndarmeðlimir fá miklar þakkir frá okkur ásamt öllum okkar flottu sjálfböðaliðum!

Kær Kveðja

F.h. Æskulýðsnefndar Léttis 2020

Hugrún Lís Heimisdóttir